

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur vegna miðborgar, M1a og M1c.

Skipulagsstofnun staðfesti 2. október 2019 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar, sem samþykkt var í borgarráði 22. ágúst 2019.

Í breytingunni felst breyting á orðalagi í kaflanum „Landnotkun“ (bls. 207-208, sjá einnig bls. 50-51) á áður samþykktri stefnu um almenna takmörkun á uppbyggingu gististaða á svæðum M1a og M1c í miðborginni.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 2. október 2019.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.